

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun rotþróa í Kjósarhreppi.

1. gr.

Kjósarhreppur innheimtir gjald vegna hreinsunar og losunar á rotþróum í sveitarfélaginu. Eigendum frístundahúsa, íbúðarhúsa og annarra fasteigna í Kjósarhreppi er skylt að hafa tengda rotþró og greiða árlegt rotþróargjald, sbr. 5. gr. samþykktar nr. 183/2007 um hreinsun og losun rotþróa í Kjósarhreppi.

2. gr.

Rotþróargjald fyrir árið 2023 skal vera kr. 15.000 og er það árlegt gjald fyrir hvert íbúðarhús, frístundahús eða annað húsnæði sem skylt er að tengja við rotþró. Rotþró skal hreinsuð og losuð á þriggja ára fresti og miðast álagt gjald við að kostnaður við hverja hreinsun og losun sé kr. 48.000.

Vegna umbeðinnar aukahreinsunar og losunar rötþróa skal eigandi fasteignar greiða samkvæmt reikningi beint frá verktaka.

3. gr.

Rotþróargjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar og ber hann ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Almenn rotþróargjald skal álagt og innheimt með fasteignasköttum og öðrum fasteignagjöldum og nýtur gjaldið lögveðs í fasteign þeirri sem gjaldið er lagt á, sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 7. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af hreppsnefnd Kjósarhrepps, sbr. heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og tekur hún gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 21/2022.

Samþykkt í sveitarstjórn Kjósarhrepps, 15. desember 2022.

Kjósarhreppi, 28. desember 2022.

Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 10. janúar 2023